

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (frádráttur vegna gjafa og framlaga), þingskj. 329 - 293. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (frádráttur vegna gjafa og framlaga).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn umsögn um ofanefnt frumvarp.

Barnaheill fagna frumvarpinu og hvetja til þess að það verði samþykkt sem lög.

Samtökin hvetja þó til þess að skýrt verði hvort ákvæðið eigi við um Almannaheillafélög, sbr. frumvarp sem nú liggur fyrir þingi, 181. mál. Frjáls félagasamtök sem vinna almennt að mannréttindum t.a.m. eru ekki talin upp sem líknarstarfsemi í reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Það er því þörf á að skýra hvort nágildandi ákvæði og frumvarp þetta, verði það að lögum, eigi við um Almannaheillafélög.

Barnaheill eru frjáls félagasamtök sem byggja rekstur sinn alfarið á frjálsum framlögum og styrkjum frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum. Það er Barnaheillum því mikilvægt að vita með óyggjandi hætti hver staða gefenda er varðandi skattfrádrátt vegna styrkja til samtakanna.

Samtökin hvetja jafnframt til þess að í tekjuskattslög verði sett heimild fyrir einstaklinga til að draga stuðning við viðurkennd almannaheillasamtök frá tekjuskattsstofni sínum. Fordæmi eru fyrir slíkum undanþágum frá tekjuskattslögum í öðrum löndum, sbr. umsögn Almannaheilla vegna samráðs um skattalegt umhverfi þriðja geirans: <https://samradsgatt.island.is/oll-mal/SCases/Details/?id=1432&uid=cb0a8067-53cf-e911-9454-005056850474>

Barnaheill hafa að öðru leyti ekki athugasemdir við efni frumvarpsins og telja það verða til hagsbóta fyrir börn á Íslandi með auknum möguleikum frjálsra félagasamtaka til að afla fjár til reksturs síns.

Umsögn Hugarafli vegna frumvarps til laga um tekjuskatt (frádrátt vegna gjafa og framlaga), 293. mál

Reykjavík, 21.11.2019

Hugarafli barst beiðni þess efnis að kanna hvort við hefðum eitthvað við frumvarp til laga um tekjuskatt (frádrátt vegna gjafa og framlaga) að athuga. Málefnið var rætt á Hugarafli fundi og gögnin skoðuð af félögum okkar. Í kjölfar þessa höfum við eitt atriði sem okkur langar að benda á með umsögn þessari.

Á bls. 2, í fyrstu málsgrein um „Aukin framlög til mikilvægrar starfsemi“ segir „Frumvarpinu er ætlað að leiða til aukinna framlaga frá atvinnulífinu til menningarmála, kvikmyndagerðar, sjónvarpsefnisgerðar, æskulýðsstarfsemi, iþróttastarfsemi, umhverfismála, líknarmála og vísindalegra rannsókna og auðvelda aðilum sem að þeim málum starfa að afla fjár, einfaldlega vegna þess að það er skattalega hagkvæmt fyrir viðkomandi gefanda.“

Við leggjum til að bæta við upptalninguna „samfélagsverkefni sem varða lýðheilsu“, þannig að setningin væri:

„Frumvarpinu er ætlað að leiða til aukinna framlaga frá atvinnulífinu til menningarmála, kvikmyndagerðar, sjónvarpsefnisgerðar, æskulýðsstarfsemi, iþróttastarfsemi, umhverfismála, **samfélagsverkefna sem varða lýðheilsu**, líknarmála og vísindalegra rannsókna og auðvelda aðilum sem að þeim málum starfa að afla fjár, einfaldlega vegna þess að það er skattalega hagkvæmt fyrir viðkomandi gefanda.“

Að öðru leyti höfum við ekkert við frumvarpið að athuga.



**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis**

Reykjavík, 25. nóvember 2019

Varðar: Frumvarp til laga um tekjuskatt (frádráttur vegna gjafa og framlaga), 293. mál

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands hefur kynnt sér ofangreint frumvarp til laga og fagnar framlagningu þess.

Það er mikilvægt að tekið sé tillit til framlaga atvinnulífsins til íþróttá- og æskulýðsmála. Starf hreyfingarinnar hefur skilað miklum árangri á sviði forvarna, lýðheilsu og vellíðan, ekki síst hjá börnum og unglíngum og hefur góður árangur vakið athygli út fyrir landsteinana.

Íþróttafélög og samtök þurfa oft að reiða sig á framlög frá fyrirtækjum og mun samþykkt frumvarpsins án efa hvetja atvinnulífið enn frekar til að styrkja íþróttahreyfinguna.

Auknir styrkir til íþróttá- og æskulýðsstarfs munu efla starf íþróttafélaganna og stuðla að bættri lýðheilsu í landinu.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum þá erum við tilbúin að mæta á fund nefndarinnar.

**Með kveðju,
ÍÞRÓTTÁ- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri





Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 25.11.2019
Tilvísun: 20191101057

Umsögn ríkisskattstjóra um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, með síðari breytingum (frádráttur vegna gjafa og framlaga) - 293. mál, þskj. 329

Ríkisskattstjóri hefur þann 8. nóv. sl. mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi athugasemda við efni frumvarpsins eins og það liggur fyrir:

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 2. tl. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, en núgildandi ákvæði eru svohljóðandi:

„31. gr.

Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:

1. [. . .]

2. Einstakar gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmalaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa, þó ekki yfir [0,75%] af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. [Ráðherra] ákveður með reglugerð hvaða málaflakkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.“

Lagt er til að núgildandi 2. tl. verði skipt upp, og að nýr 2. tl. a heimili frádrátt frá tekjum lögaðila og tekjum manna sem stafi af, eða tengist, atvinnurekstri eða sjálfstæðri atvinnustarfsemi, allt að því sem nemi tvöfaldri fjárhæð „einstakra gjafa og framlaga til menningarmála, kvikmynda- og sjónvarpsefnisgerðar, íþróttar- og æskulýðsstarfsemi, umhverfismála, viðurkenndrar líknarstarfsemi og vísindalegra rannsóknarstarfa.“ Þetta verði þó með þeim takmörkunum að einstakar gjafir og framlög samkvæmt nýjum 2. tl. a. fari ekki yfir 1,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári þegar gjöf er afhent, en gjafir sem áfram falli undir 2. tl. munu áfram ekki mega fara yfir 0,75% af tekjum skv. B-lið 7. gr.

Ríkisskattstjóri telur slíka uppskiptingu efnisliðar 31. gr. sem lögð er til með frumvarpi þessu miður æskilega, m.a. þar sem hún flæki til muna greiningu og skoðun á tilögum í þessa málaflakka á grundvelli framtalsgagna. Ennfremur sé vert að nefna að með orðalagi hins nýja 2. tl. a er víkkað út gildissvið frádráttarheimildarinnar, að því er varðar menningarmál, þ.e. frá því sem komist hefur á föst framkvæmd vegna á grundvelli gildandi ákvæða. Þá bendir ríkisskattstjóri á að það sé meginregla í skattframtalsgagnum að útlagður kostnaður og heimilaður frádráttur haldist í hendur, og halda beri undantekningum frá þeirri reglu í lágmarki.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat ríkisskattstjóra að standi vilji til að auka heimildir til gjaldfærslu kostnaðar við framlög í þessa tilteknu málaflakka, þá færi betur að hækka

hámark frádráttarheimildarinnar enn frekar, þ.e. yfir það 1,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

Virðingarfyllt,
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Kristján Gunnarsson

Reykjavík, 25. nóvember 2019

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (frádráttur vegna gjafa og framlaga).

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) fagnar þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um tekjuskatt, sérstaklega þeirri viðbót að nú eru framlög til íþróttá- og æskulýðsstarfs jafn hátt metin og framlög lögaðila til visindalegra aðgerða og menningarmála.

Breytingar sem þessar eru til þess fallnar að geta eflt og bætt forvarnarsarfið sem fram fer í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi. Samfélagið mun án nokkurs vafa fá framlagið margfalt til baka með ýmsum hætti, svo sem heilbrigðari íbúum, minni kostnaði fyrir heilbrigðiskerfið og minna álagi á stoðkerfi ríkisins. Gjafir og framlög lögaðila munu að okkar mati margfaldast. Sérstakt fagnaðarefni er að breytingin er í samræmi við það sem UMFÍ og ungmennafélagar standa fyrir; gjafirnar og framlögin verða samfélaginu til góða.


Frumvarpið færir Íslendinga nær þeim háttum sem þekkt hafa í nágrannalöndunum og öðrum samanburðarlöndum um árabíl, svo sem í Noregi. Mýmörg dæmi eru um að frádráttur lögaðila frá tekjuskatti vegna framlaga eða gjafa séu stærri hluti framlags eða margfeldi þeirra. Lækkun tekjuskattsstofns lögaðila upp á tvöfalt framlag er til þess fallið að auka frekar framlög til íþróttá- og æskulýðsstarfs, að mati UMFÍ.

Fyrirhuguð breyting á lögum um tekjuskatt er gífurlegur hvati fyrir lögaðila til að gera enn betur og ýmist bæta í eða fjölga styrkjaleiðum til ýmissa verkefna auk þess að hvetja þau frekar til að auka framlög sín þar sem tekjustofnar viðkomandi lækka á móti. Af þeim sökum styður UMFÍ frumvarpið alla leið enda mun það að öllum líkindum skjóta enn styrkari stoðum undir starfsemi aðildarféлага UMFÍ, en innan raða UMFÍ eru rúmlega 400 íþróttá- og ungmennafélög um allt land.

UMFÍ og flest óhagnaðardrífín félagasamtök eru stutt af óeigingjörnum sjálfbóðaliðum. Margir þeirra vilja gera enn betur við sitt félag og eru dæmi um að viðkomandi ánafni sínu félagi hluta af eignum sínum. UMFÍ mælir með því að í kjölfar þeirra breytinga sem frumvarp þetta mælir fyrir um verði hvötunum fjölgað frekar til að auðvelda fólki að styðja við sín félög, svo sem með lækkun erfðafjárskatts vegna gjafa til félagasamtaka og fleira í þeim dúr.

Að öðru leyti fagnar UMFÍ skrefunum sem stigin eru með frumvarpinu. Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari umræðu, útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
Framkvæmdastjóri UMFÍ